

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 39.300 og kr. 26.700 á hvert heimili í dreifbýli Ísafjarðarbæjar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu verði kr. 13.230.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð.

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, svo sem: pappambúðum, plastambúðum, hjólbörðum, heyrúlluplasti, ýmsum spilliefnum og úreltum ökutækjum.
- b) Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- c) Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

| | |
|--|----------------|
| Blandaður/grófur úrgangur, slóg/rækjuskel | 33 kr./kg |
| Timbur | 33 kr./kg |
| Óvirkur úrgangur (t.d. gler, múrbrot) | 6 kr./kg |
| Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva) | 8.000 kr./stk. |
| Farmstærð undir 0,5 m ³ | 4.000 kr. |
| Farmstærð allt að 1 m ³ | 8.000 kr. |

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1204/2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 11. desember 2014.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2014